

Ferðafélag Íslands  
Mörkinni 6  
108 Reykjavík

Reykjavík 14. september 2018  
UST201808-174/I.M.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi í Hrafntinnuskeri**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðafélags Íslands, dagsett 22. ágúst 2018, um leyfi fyrir framkvæmdum í Hrafntinnuskeri innan friðlands að Fjallabaki í september 2018.

Hrafntinnusker er innan friðlands að Fjallabaki sem er friðlýst sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að reisa  $42\text{m}^2$  skjólhus,  $15,82\text{m}^2$  geymslu- og sorpgám og viðgerðum á hitaspíral á skálasvæði Ferðafélags Íslands við Hrafntinnusker.

#### **Skjólhus:**

Sótt er um að reisa  $42\text{m}^2$  óeinangrað og óupphitað skjólhus. Áætlað er að útlit hússins verði í samræmi við útlit núverandi skála og skálavarðahús sem eru í Hrafntinnuskeri. Inni í húsinu á að vera aðstaða til eldunar og vaskur til að þrífa áhöld ásamt borðum með bekkjum fyrir um 40 manns. Ekki er áætlað að heimilt verði að nýta skýlið sem gistiaðstöðu. Mun þetta hús koma í stað vaskaskýlis sem er á staðnum til að notast við frárennslíð sem þar er. Teikningar af húsinu fylgja umsókninni.

#### **Geymslu og ruslagámur:**

Geymslu- og sorpgámurinn mun hýsa gasbyrgðir sem eru á svæðinu og sorp sem til fellur í ruslífát á salernum í Hrafntinnuskeri þar til það er flutt í viðeigandi meðhöndlun. Áætlað er að gámurinn verði settur samsíða skálavarðarhúsi og innan byggingarreits skv. deiliskipulagi. Teikning af gánum og afstöðumynd fylgja umsókninni.

#### **Viðgerð á hitaspíral:**

Gert er ráð fyrir að skipta út hitaspíral í lokuðu hringrásarkerfi sem staðsett er í gili við skálasvæðið. Einnig er fyrirhugað að endurnýja lagnir sem liggja úr kerfinu í gilinu þar sem hitaspíralinn er í skálana. Lagnirnar eru niðurgrafnar og verður notast við gröfu til að moka upp lagnir og setja nýjar. Verður frágangur gerður með gröfu og endanleg yfirferð með höndum.

Gert er ráð fyrir að um 15 manns komi að vinnu við þessar framkvæmdir. Tveir vörubílar muni flytja efniviðinn á staðinn, tvær hjólagröfur vinni að framkvæmdunum og einungis verði

unnið á svæðum sem nú þegar hefur verið unnið á. Vinnan við að lagfæra raskið verður unnin með þessum vélum og með höndunum þar sem vélarnar komast ekki að.

Til að takmarka umferð á tækjum og búnaði um svæðið þá er stefnt að seyrulosun á sama tíma en við þá vinnu þarf að notast við gröfu og haugsugu.

#### **Forsaga málsins:**

Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir ofangreindum framkvæmdum barst Umhverfisstofnun þann 28. mars 2018. Með tölvupósti til umsækjanda þann 24. apríl sama ár tilkynnti Umhverfisstofnun að vinnsla umsóknarinnar hefði verið sett í bið þar til frekari gögn myndu berast, s.s. teikningar af byggingunum sem fyrirhugað var að reisa sem og afstöðumynd af svæðinu. Ný umsókn, ásamt teikningum, afstöðumynd og frekari skýringum, bárust Umhverfisstofnun þann 22. ágúst 2018. Með tölvupósti til Umhverfisstofnunar, þann 4. september 2018, tilkynnir umsækjandi Umhverfisstofnun að ráðgert væri að fara í framkvæmdirnar 20. september 2018. Þann 10. september tilkynnti umsækjandi Umhverfisstofnun símleiðis að farið verði í framkvæmdirnar 14. september 2018. Síðustu gögn málsins bárust Umhverfisstofnun með tölvupósti að kvöldi 13. september. Málshraði Umhverfisstofnunar fyrir leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum er 30 dagar.

#### **Umsagnir Umhverfisstofnunar um deiliskipulag skálasvæðis við Hrafntinnusker:**

Umhverfisstofnun veitti umsögn um deiliskipulagsáætlanir á fyrirhugðu framkvæmdasvæði í Hrafntinnuskeri þann 2. nóvember 2010. Þar kemur m.a. fram að stofnunin telji umfjöllun um frárennsli og rotþrær vera ófullnægjandi og að ekki komi skýrt fram hvaða aðferð að nota til að koma í veg fyrir að skólp valdi mengun.

#### **Niðurstaða Skipulagsstofnunar:**

Skipulagsstofnun hefur metið að fyrirhugð uppbygging þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn við Hrafntinnusker skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

#### **Staða seyrumála í Hrafntinnuskeri:**

Þann 5. september 2017 fóru fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Heilbrigðisnefnd (heilbrigðiseftirliti) Suðurlands og Ferðafélagi Íslands í Hrafntinnusker til að fylgjast með verklagi við tæmingu á safnþró við skála Ferðafélags Íslands. Samhliða voru tekin jarðvegs- og vatnssýni. Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar segir m.a.:

*Skálinn ásamt tjaldsvæði er í um 1100 m.h.s. Lítíð er af rennandi vatni á svæðinu þannig að ómögulegt er að hafa þar vatnssalerni. Því eru notuð burrsalerni bæði við skálann sem og á tjaldsvæðinu við skálann sem safnast í þar til gerða safntanka. Við skálann og tjaldsvæði eru alls 33.000 lítra safntankar fyrir salernisúrgang. Erfitt reynist að fjarlægja úrganginn af svæðinu þar sem um erfiða slóða er að fara að skálanum sem oft liggja undir snjó allt árið. Því hefur árlega verið grafin skurður um 200 metra frá skála þar sem úrgangi hefur verið veitt í og síðan mokað fyrir aftur. Reynt hefur verið að grafa ekki í sama skurð ár frá ári en grafið á afmörkuðu svæði (sjá mynd 1). Notast hefur verið við haugsugu, dráttarvél ásamt gröfu í verkið.*

*Skálinn stendur við Laugaveg og þjónar aðallega göngufólki á sumrin. Engar sorptunnur eru á svæðinu heldur er ætlast til þess að gestir taki allt sorp með sér. Þegar urðunarstaður síðustu ára var skoðaður kom í ljós að nokkuð af ólífrænum úrgangi s.s. blautþurrkur, dömubindi og plastumbúðir voru að skila sér upp úr jarðvegi. Þegar tæming átti sér stað úr haugsugu í skurð kom í ljós að mikil af óæskilegu sorpi var að koma með úrgangi sem ferðafólk hefur hent í burrsalerni.*

Ljóst varð við eftirlitsferð að núverandi tæming og urðun á úrgang og sorpi við Hrafntinnusker innan Friðlands að Fjallabaki er óviðunandi. Best væri ef hægt væri að flytja allan úrgang til móttökustöðvar fyrir salernisúrgang. Ef því verður ekki komið við þarf að lágmarki að gróf flokka úrgang með því að hafa salernisfötur á salernum fyrir dömubindi, blautklúta og slíkt. Einnig þarf skýr fyrirmæli um afhverju ekki er æskilegt að henda slíku í salernið. Auk þess þarf að láta úrgang fara í gegnum síu þegar verið er að farga honum í skurði til þess að ekkert af sorpi fari í jarðveg. Það sorp sem verður eftir á salernum ætti Ferðafélag Íslands að keyra til byggða á móttökustöð fyrir sorp ásamt því sem síast frá við tæmingu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands skrifaði einnig skýrslu þar sem m.a. eru niðurstöður úr sýnatökum og tillögur að úrbótum. Sveppur við yfirborð urðunarsvæðis sem við rákum augun í var einnig greindur.

Var eftirlitinu fylgt eftir með bréfi Umhverfisstofnunar til Ferðafélags Íslands þann 20. október sama ár þar sem stofnunin bendir á að urðun úrgangs er starfsleyfisskyld starfsemi, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og að um hana gilda margvísleg skilyrði, s.s. um aðbúnað, mengunarvarnir og innra eftirlit, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Urðun seyru án starfsleyfis er því ekki í samræmi við lög. Þá brýtur urðunin einnig í bága við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Einnig segir í bréfinu að: *Ljóst er að það verklag sem hefur verið viðhaft um áratuga skeið við urðun á seyru í Hrafntinnuskeri, við skálasvæði Ferðafélags Íslands, stangast á við fyrrgreind lög og reglugerðir. Ferðafélagi Íslands ber að skila allri seyru, eins og öðrum úrgangi sem fellur til í skálum félagsins, til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar sem hefur starfsleyfi, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.*

*Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur skrifað skýrslu þar sem m.a. eru kynntar niðurstöður úr sýnatoku og settar fram tillögur um úrbætur fyrir rekstraraðila til að koma málinu í viðunandi farveg, þar til varanleg lausn hefur verið fundin (mál nr. 1708036HS). Umhverfisstofnun, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, leggur til að rekstraraðilar vinni að því að finna meðhöndlun þeirrar seyru sem verður eftir að lokinni grófhreinsun annan farveg en urðun á staðnum, í samráði við stofnanirnar.*

### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun gefur út lista á tveggja ára fresti yfir þau svæði sem veita þarf sérstaka athygli og hlúa sérstaklega að. Á listanum eru greindir styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis. Flokkast svæðin á rauðan lista og appelsínugulan lista. Á hinum fyrrnefnda eru svæði sem Umhverfisstofnun telur að séu undir miklu álagi sem bregðast þurfi strax við og er friðland að Fjallabaki talið þar á meðal. Í friðlandinu er stórbrotið og fjölbreytt landslag, sérstakt en viðkvæmt lífríki, öræfaauðn og kyrrð. Veikleiki svæðisins er að lífríki svæðisins er viðkvæmt. Samfelld gróðursvæði eru fá og endurheimt gróðurs sem spillist er hæg. Vaxtartími gróðurs er stuttur. Svæðið ver sig illa sjálft. Friðlandið er mikið sótt af ferðamönnum allan ársins hring og álag á svæðið er því ekki einvörðungu bundið við sumartímann. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið liggur ekki fyrir en vinna við slíka áætlun stendur yfir. Gert er ráð fyrir að í áætluninni verði mörkuð stefna fyrir friðlandið í heild þ.m.t. viðeigandi áherslur mismunandi svæða innan þess þ.m.t. Hrafntinnusker.

### Skjólhus:

Umhverfisstofnun telur að með byggingu skjólhusss á skálasvæði Ferðafélags Íslands við Hrafntinnusker sé verið að auka við þjónustu við ferðamenn á svæðinu, sem er til þess fallin

að leiða af sér aukna notkun á salernum og þar með aukið magn seyru. Urðun seyru við Hrafntinnusker er án starfsleyfis er því ekki í samræmi við lög. Þá brýtur sú aðferð sem við er höfð við Hrafntinnusker við urðun seyru einnig í bága við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Eins og fram kemur hér að framan liggur ekki fyrir lausn á frárennslismálum í Hrafntinnuskeri en unnið er að lausn.

### *Geymslu- og sorpgámur*

Meðal þeirra aðgerða sem Umhverfisstofnun og Heilbrigðisnefnd Suðulands lögðu til við Ferðafélag Íslands, í október 2017, vegna sorpsöfnunar á skálasvæðinu við Hrafntinnusker var að setja ruslaílát með loki inn á öll salernisrymi og að setja upp skilmerkilegar leiðbeiningar á salernum og ítreka mikilvægi þess að ekkert megi fara í salernin annað en það sem rekja má til eðlilegrar líkamsstarfsemi. Geymslu- og sorpgámur á skálasvæðinu við Hrafntinnusker verður notaður til að geyma það sorp sem til fellur í ruslaílátunum þar til það verður flutt af svæðinu til viðeigandi förgunar. Umhverfisstofnun telur að uppsetning gámsins muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og að með þessari framkvæmd sé verið að vinna í átt að lausn á þeim vanda sem er á svæðinu með sorp- og seyrumál.

### *Hitaspíral:*

Hitaspíral hefur verið í hver í gilinu við skálana við Hrafntinnusker í 12 ár og er hann tengdur lokuðu hringrásarkerfi. Endurnýja þarf hitaspíralinn og lagnirnar sem liggja frá honum að skálunum til að tryggja vatnsveitu á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin hafi ekki varanleg neikvæð áhrif á svæðið þar sem um þegar raskað svæði er að ræða. Stofnunin leggur áherslu á að við endurnýjun lagnanna sem liggja frá hitaspíralnum verði jarðraski á svæðinu haldið í lágmarki.

### *Niðurstaða:*

Þrátt fyrir að umferð í gegnum Hrafntinnusker kalli á að til staðar sé tiltekin þjónusta svo sem salernisaðstaða fyrir göngufólk bendir Umhverfisstofnun á að umbætur og stækkan á aðstöðu eru til þess fallnar að auka mögulega fjölda og viðverutíma gesta í Hrafntinnuskeri sem leitt getur til aukins umfangs seyru. Í ljósi þess að meðhöndlun seyru á svæðinu er ekki í viðunandi horfi og varanleg lausn þar á hefur ekki verið fundin telur Umhverfisstofnun ekki forsvaranlegt að heimila framkvæmdir við skjólhús á svæðinu að svo stöddu.

Í samræmi við framangreint synjar **Umhverfisstofnun umsókn um leyfi fyrir byggingu skjólhúss á skálasvæði við Hrafntinnusker að svo stöddu**. Verði lögð fram ný gögn um varanlega lausn á meðhöndlun seyru á svæðinu getur Umhverfisstofnun tekið málið upp að nýju.

Umhverfisstofnun veitir hins vegar fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á geymslu- og sorpgámi og viðhaldi á hitaspíral og lögnum frá honum að skálunum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal viðeigandi leyfi meðferðis á meðan framkvæmdum stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.

- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að verkefni loknu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vöki berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Þar sem svæðið er innan þjóðlendu og um er að ræða jarðrask og uppsetningu mannvirkja til lengri tíma en eins árs gæti einnig þurft leyfi frá forstætisráðuneytinu sbr. lög nr. 58/1998.

#### **Kæruheimild:**

Ákvörðun þessa er hægt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 11. gr. laga nr. 97/2004. Um aðild, kærufrest, málsméðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um, ákvörðun þessa.

#### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústs dóttir  
Sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson  
Teymisstjóri

